

5. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 09. nóv. 2021 – fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild (forföll), 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Betadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

(ATH. Mig minnir að ekki hafi allar verið mættar)

Dagskrá:

1. Fundargerð 4. fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð var samþykkt.

2. Tilkynning til Íslandsbanka um breytingu á stjórn -

Búið er að tilkynna breytingu á stjórn og senda út til undirskriftar skjal frá bankanum fyrir nýja stjórn því til staðfestingar og allar stjórnarkonur eru búnar að votta sig samkvæmt beiðni bankans.

3. „Jólakvöld“ á vegum evrópsku samskipta- og útgáfunefndar

Aníta gaf kost á sér í að sinna þessu verkefni. Um er að ræða kynningu á jólahefðum á Íslandi í 5-7 mínútna erindi þann 13. desember. Viðburðurinn verður rafrænn. Á fundinum kom fram tillaga um að biðja Hólmfríði Árnadóttur í Betadeild að sjá um kynninguna og var það samþykkt.

4. **Frá nefndum:** Guðrún Edda fór yfir stöðuna í nefndunum og virðist nefndastarfið ganga nokkuð vel. Rætt var um að minna þyrfti ef til vill nefndir á hlutverk sitt eins og að vera vakandi yfir ýmsum frestum sem eru mikilvægir í starfinu eins og t.d. umsóknarfrestir varðandi styrki á næsta ári. Eins að skapa vettvang fyrir kynningar á áhugaverðu efni frá félagskonum og minna á að nota þekkingarbrunninn.

- a. Féлага- og útbreiðslunefnd
- b. Samskipta- og útgáfunefnd
- c. Menntamálanefnd
- d. Laganefnd
- e. Námsstyrkjanefnd – kynning á verkefnum?

5. International Achievement Recommendation Form

Guðrún Edda ræddi umtilnefningu til nýs Evrópuforseta og hvor Ísland gæti mögulega átt fulltrúa til að gegna því embætti. Það var talið hæpið að við gætum teft fram konu núna þar sem viðmiðunarreglur til þess væru ansi strangar. Mælt var með því að reyna til þrautar að

mæla með fulltrúa frá öðrum löndum.

6. Önnur mál

- a. Guðrún Edda ræddi bréf sem borist hafði vegna atkvæðagreiðslu um húsnaði hjá deild í Ameríku. Ekki talið eiga erindi til okkar.

Næsti stjórnarfundur settur 10. Jan. 2022. kl. 19:30

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:30 Fundargerð skrifaði Þorgerður Ásdís

Jóhannsdóttir

með punktum frá Guðrúnu Eddu Bentsdóttur